

Skólaráðsfundur 28. maí 2021

Mættir: Guðlaug, Ólafía, Kristín, Magnea og Iðunn.

Ræddum aðeins um það hvort við ættum að bjóða fulltrúum foreldraráðs á fund og gefa þeim tækifæri til að tala við fulltrúa foreldra í skólaráði.

Guðlaug ræðir um undirbúning næsta skólaráðs, verið er að ráða í þær stöður sem vantar fólk í og eins fór hún yfir það hverjir eru að hætta. Þorgerður og Gerður eru að hætta. Lilja og Halldóra eru að fara í leyfi, Brynja stærðfræðikennari í unglingadeild verður ekki næsta vetur. Guðrún Þóra ætlar að koma í stærðfræðikennslu í unglingadeild. Silla mun einnig koma inn í stærðfræði- og náttúrufræðikennslu á unglingastigi. Einnig var farið yfir þær breytingar innanhús hjá starfsfólki.

Vordagarnir – verið er að skipuleggja útskrift 10. bekkjar en útskriftin verður með svipuðu sniði og í fyrra. Útskriftin byrjar núna kl.17 og skólinn býður uppá drykki og sætindi. Hver og einn nemandi má taka með sér allt að fjóra gesti, borð verða númeruð (söttvarnarreglur). Skólaslitin 8. júní er skertur nemendadagur en verið er að leggja lokadrög að skipulaginu á þeim degi. Almenn ánægja var með skólaslitin í fyrra svo líklegast verða slitin í ár í þeirra anda. Það verður líklegast gefið út í dag eða mánudag hver lokaútkoman verður.

Fimmtudgurinn 3. júní; eru flest allir árgangar út úr húsi í vorferð. Íþróttadagurinn er mánudaginn 7. júní – almenn ánægja með skipulag dagsins í fyrra. Unglingastigið verður í „keppni“ innanhús en yngri stigin fara út í skipulagt starf.

Varðandi vitnisburð í lok skólaársins; flestir sammála um að það er ákveðin stemning að fá afhent umslög með útprentuðum vitnisburði.

Spurning varðandi einkunnir: 10. bekkur fær í bókstöfum en aðrir „hæfni náð“... en núna fá 7.-10. bekkur samantekt að vori í bókstöfum en yngri bekkir fá lokaumsögn. Aðilum finnst bókstafir vera miklu nákvæmari en „hæfni náð“. Blendar tilfinningar eru gagnvart einkunnakerfinu almennt en þetta er í stöðugri umræðu og þróun. Unglingum finnst skýrara að hafa bókstafi með „hæfni náð“ og umsögnum.

Áherslur næsta vetrar: borgin er með áherslu á Grósku (verkefni). Borgin ætlar að úthluta tæki á hvern nemanda í tveimur árgöngum. Næsta vetur verður því eitt tæki á hvern nemanda í unglingadeildinni. Heilmikið verkefni fram undan varðandi tæknimálin. Næstu skref verða svo

Þannig að miðstigið fær tæki fyrir nemendur og síðan yngsta stigið. Markmið með verkefninu er að allir nemendur séu með eitt tæki.

Námsmat verður ennþá í þróun samhliða vinnu með mentor.

Aukin áhersla verður lögð á sjálfsaga og núvitund.

Verður reynt að fara aftur til Toronto hjá starfsmannahópunum en við höfum frestað þeirri ferð í tvö ár.

Ingunnarskóli er heilsueflandi skóli og munum við halda þeirri vinnu áfram.

Bæta á við hjólastæðum hjá öllum grunnskólum og við erum að skoða það að færa okkar hjólastæði og hvernig stæðin eru en þau myndu hentar bæði hjólum og hlaupahjólum.

Framkvæmdi verður utan húss á skólanum í sumar.

Spurningar og ábendingar:

-Chrome bækur: margir ganga illa um tækin og virðast þau sem eru til vera illa farin – væri betra að það væri betra eftirlit. Eins og áætlað er að hver og einn fær „sitt“ tæki og verður hver og einn að ganga vel um tækið því aðeins er eitt tæki úthlutað. Ábyrgð er nemandans.

-Val hjá Tækniskólanum og Borgó.... Skrekkur og Rasmus. Hvernig er fyrirkomulagið?

Skrekkur er alltaf á haustin (tvær valgreinar)

Rasmus er ein valgrein svo og Borgó og Tækniskólinn. Reynt verður að hafa fyrirkomulagið þannig að nemendur geta valið sem flest.